



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Svar við fyrirspurn um innviðagjald

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, sem barst þann 10. október 2019, um innviðagjöld og fjárhagslega hagsmuni í yfirstandandi málaferlum. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Óskað er eftir upplýsingum um þau innviðagjöld sem samið hefur verið um síðustu 15 árin. Þá er óskað eftir upplýsingum um þá fjárhagslegu hagsmuni sem eru undirliggjandi í yfirstandandi málaferlum um lögmæti innviðagjalds.“

Fjármála- og áhættustýringarsvið óskaði eftir svari við fyrirspurninni frá lögfræðingum á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara þar sem framkvæmd vegna innviðagjalda fer fram. Eftirfarandi er svar skrifstofunnar.

Þann 27. nóvember 2014 voru samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum samþykkt í borgarráði. Samningsmarkmiðin hafa verið uppfærð frá þeim tíma, nú síðast 1. febrúar sl. Umsamdar fjárhæðir í samkomulögum, sem eru einkaréttarlegir samningar og almennt vísað til sem innviðasamninga eða uppbyggingarsamninga, sem gerð hafa verið frá 1. desember 2014 til 1. apríl 2022 eru áætlaðar rúmlega 8,8 milljarðar króna. Það athugast að fjárhæðir í samkomulögnum eru almennt bundnar byggingarvísitölu en framangreind fjárhæð er án vísitöluhækkunar. Jafnframt miða samkomulögin við greiðslu á fermetra samkvæmt áætluðu byggingarmagni en endanleg greiðsla miðast við staðfest byggingarmagn í deiliskipulagi. Þá hefur ekki verið tekið tillit til samkomulaga sem gerð hafa verið vegna fækkunar bensínstöðva þar sem ekki liggur fyrir áætlað byggingarmagn á þeim reitum.

Virðingarfyllt,
Halldóra Káradóttir sviðsstjóri